

Hafnarfirði, 15. apríl 2024

Skipulags- og matslýsing, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýjar deiliskipulagsáætlanir fyrir borteiga Coda Terminal.

Skipulagslýsing er verkáætlun um mótun tillögu og er tilgangurinn að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðilum að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum. Hérna koma athugasemdir og ábendingar á auglýsingatímanum sem var til 29. febrúar 2024



MYND 1 Áætlun af afmörkun skipulagsbreytinga. Sýnd er heildarafmörkun og fyrirhuguð staðsetning iðnaðarsvæðisreita

Á svæðinu verða skipulagðir 8 nýir iðnaðarsvæðisreitir á aðalskipulagsstigi. Áætlun stærð hvers iðnaðarsvæðisreits er um 0,7 ha. Staðsetning reita á þessu stigi er til viðmiðunar og endanleg staðsetning mun koma fram í skipulagsgögnum. Deiliskipulagsbreytingar og/eða nýjar deiliskipulagsáætlanir verða unnar fyrir iðnaðarsvæðisreiti.

Skipulagsbreytingar þær sem hér er lýst miða að því að koma fyrir borteigum með nauðsynlegum veg- og lagnatengingum, en borteigur er hugtak sem notað er yfir svæði þar sem niðurdæling koldíoxíðs fer fram. Á hverjum borteigi er áætlun stjórnbygging, allt að 150m² að stærð, allt að átta niðurdælingarborholur sem hver um sig er með borholuskýli, tvær til fjórar borholur til vatnstöku, og annað sem til þarf, en lagnir milli borteiganna verða neðanjarðar. Á borteigum verður CO₂ leyst í vatni og dælt niður í berglögin.

6 ábendingar bárust:

1. Skipulagsstofnun



Hafnarfjarðarkaupstaður
Berglind Guðmundsdóttir
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 9. febrúar 2024

Tilvísun: 202402004 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag vegna borteiga Coda Terminal í Kapelluhrauni

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur, með erindi dags. 1. febrúar 2024, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 28. nóvember 2023, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögu að deiliskipulagi sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er í meginatriðum að skilgreina 8 ný iðnaðarsvæði fyrir móttöku- og förgunarstöðvar koldíoxíðs (CO₂) í Straumsvík. Deiliskipulagsáætlunin mun skilgreina fyrirkomulag iðnaðarsvæðanna og tekur til breytinga á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga og Hellnahrauns 3. áfanga, ásamt nýju deiliskipulagi fyrir 4 iðnaðarsvæði.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar en bendir á eftirfarandi atriði til skoðunar fyrir mótun tillögu:

- Gera þarf grein fyrir vatnshlotum á svæðinu m.t.t. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 vatnaáætlunar.
- Í lýsingunni kemur fram að eitt iðnaðarsvæðið sé innan hverfisverndarsvæðis (HVb8) og þarf í tillögunni að gera grein fyrir því hvernig breytingin samræmist verndarákvæðum aðalskipulags.
- Í deiliskipulagi þarf að taka afstöðu til þess hvernig gerð verði grein fyrir fyrirkomulagi lagna áhrif þeirra á gildandi deiliskipulagsskilmála og núverandi lagnaleiðir.
- Skipulagsstofnun minnir á að skoða þarf áhrif breytinga á aðkomuvegum og stíga á svæðinu, og hafa í huga að nýjar aðkomuleiðir þurfa að vera innan skipulagsmarka deiliskipulags.
- Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

2. Kópavogsbær gerir ekki athugasemdir

3. Garðabær gerir ekki athugasemdir, áskilur sér rétt að gera athugasemdir á síðari stigum skipulagsferlisins.

4. Náttúrufræðisstofnun

N Á T T Ú R U F R Æ Ð I S T O F N U N Í S L A N D S

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 29. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0006
SS

Efni: Umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og deiliskipulagsáætlanir/breytingar vegna borteiga Coda Terminal.

Visað er í tölvubréf frá Hafnarfjarðarkaupstað, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 1. febrúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðisstofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og deiliskipulagsáætlanir vegna borteiga Coda Terminal suður af Straumsvík.

Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsáforma er að tryggja heimildir í skipulagi fyrir starfsemi Coda Terminal, þ.m.t. fyrir uppbyggingu móttöku- og förgunarstöðvar fyrir koldíoxíð í Hafnarfirði. Sú skipulags- og matslýsing sem hér er til umfjöllunar varðar staðsetningu lóða fyrir 8 borteigi þar sem vatni með uppleystu CO₂ er dælt niður á 300-800 m dýpi í basaltjarlög, þar sem CO₂ á að bindast varanlega í berggrunninn. Aðstæður fyrir þessa tilraunastarfsemi eru metnar ákjósanlegar í Straumsvík og nágrenni.

Náttúrufræðisstofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar um matsáætlun vegna áforma Coda Terminal hf. í Straumsvík, þann 8. desember 2022. Þar komu fram ýmsar ábendingar varðandi möguleg umhverfisáhrif starfseminnar og er vísað í þá umsögn, t.d. varðandi nauðsynlegar rannsóknir á mögulegum áhrifum niðurdælingar á grunnvatnsstreymi og þrýsting á berg neðanjarðar. Í umsögninni segir einnig að „Athugunarsvæði framkvæmdarinnar [verji] umfangsmikið og [næði] til vesturs yfir óraskað svæði sem er á náttúruminjaskrá og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Á þessu svæði eru merkar náttúruminjar, s.s. fágætar plöntutegundir, einstakar sjávarfallatjarnir með dvergbleikju, hraunmyndanir með rishólum, hraunbollum og leifar af fornum gervígígum sem í hafa fundist steingervingar. Það er mat Náttúrufræðisstofnunar að framkvæmdarsvæðið eigi að einskorðast við svæði sem nú þegar hefur verið raskað, eins og Kapelluhraun, og óröskuðum svæðum með merktum jarðminjum og lífríki verði hlífð. Þá má benda á að með því að raska grónum svæðum er verið að auka kolefnislosun sem samræmist ekki markmiðum fyrirtækisins.“

Samkvæmt skipulagslýsingunni er stefnt að því að koma fyrir 8 nýjum iðnaðarsvæðisreitum á aðalskipulagi fyrir borteigi suður af núverandi iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni. Einnig þarf að koma fyrir nauðsynlegum veg- og lagnatengingum. Á hverjum borteig er áætluð stjórnbygging, allt að 150 m² að stærð, allt að átta niðurdælingarborholur sem hver um sig er með borholuskýli, tvær til fjórar borholur til vatnstöku, og annað sem til þarf, en lagnir milli borteiganna verða neðanjarðar. Til að lágmarka rask er borholum safnað fyrir á einni lóð og skáboranir út frá lóðinni. Stefnt er að því að ganga frá umhverfi borteiga þannig að þeir falli vel inn í umhverfið sbr. tölvugerðar ásyndarmyndir á bls. 8 í greinargerð.





HAFNARFJÖRÐUR

Áætlaðar staðsetningar fyrir borteigi eru bæði á röskuðum svæðum, m.a. innan iðnaðarsvæðis, en syðstu borteigirnir eru staðsettir á öröskuðu hrauni, bæði sögulegu (Kapelluhraun) og forsögulegu hrauni (Selhraun) sem hvoru tveggja falla undir ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga. Í þessari grein náttúruverndarlaga kemur einnig fram að forðast beri að raska ósnortnum hraunmyndunum nema að brýnni nauðsyn og þá sérstaklega er varðar almannna hagsmuni. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að gera úttekt á verndargildi þessara öröskuðu hraunmyndana áður en endanleg útfærsla á staðsetningu og hönnun borteiga og annarra innviða er ákveðin í deiliskipulagi. Þá þarf einnig að kanna hvort friðaðar plöntur, plöntur á válista eða sjaldgæfar plöntutegundir finnist á áætluðum framkvæmdasvæðum með vettvangskönnun. Slík vettvangsgögn eru nauðsynleg forsenda umhverfismats skipulagsáformanna að mati Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

5. Landsnet

LANDSNET

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður
skipulag@hafnarfjordur.is

29. febrúar 2024
2023-02-2/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um skipulags- og matslýsingu fyrir borteiga Coda Terminal

Landsneti barst, þann 1. febrúar 2024, beiðni um að veita umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og deiliskipulag fyrir borteiga Coda Terminal, mál nr. 86/2024 í Skipulagsgáttinni. Umsagnafrestur er til 29. febrúar 2024.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í kafla 1.6 í skipulagslýsinguinni kemur fram að áhersla sé lögð á að staðsetja borteiga á þegar röskuðu landi og/eða í námumanda við önnur mannvirki og rask, svo sem í línustæði. Á mynd 1 á blaðsíðu 6 er sýnd áætluð staðsetning iðnaðarsvæðisreita/borteiga. Einn slíkur reitur er sýndur í núverandi mannvirkjabelti fyrir Ísallínur 1&2 og annar er sýndur þétt upp við fyrirhugaða *Suðurnesjalínu* 2 eins og hún er staðsett í gildandi aðalskipulagi.

Í kafla 1.7 er fjallað um tengsl við aðrar áætlanir. Landsnet minnir á Kerfisáætlun sem nú er gefin út annað hvert ár. Fyrirtækið hyggur á nýframkvæmdir á næstu þremur árum, á því svæði sem skipulagsgerðin tekur til en þær felast í eftirfarandi:

- *Suðurnesjalína 1*: Jarðstrengur frá tengivirki í Hamranesi að skotæfingasvæði. Gert er ráð fyrir framkvæmdum á jarðstreng snemma árs 2025.
- *Ísallínur 3&4*: Nýjar loftlínur frá tengivirki Landsnets að Hraunhelli og þaðan að Ísal. Áætlaður framkvæmdatími er 2025-2026.
- *Ísallínur 1&2*: Gert er ráð fyrir að línan verði tekin niður árið 2026.
- *Suðurnesjalína 2*: Ný loftlína frá Hraunhelli að Hrauntungum. Áætlaður framkvæmdatími er 2024-2025.

Landsnet bendir á að í skipulagi þarf að gera grein fyrir staðsetningu og umfangi háspennulína, afmörkun helgunarsvæða og þeim takmörkunum sem gilda um þau. Setja þarf ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við svæðin til að tryggja örugga afhendingu rafmagns, sem og persónuöryggi. Einnig er mikilvægt að sett verði ákvæði um að samráð skuli haft við Landsnet vegna framkvæmda nærri línunum.

Landsnet bendir á að samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja, svokallað helgunarsvæði.

Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd svæðisins fer m.a. eftir spennu, hæð mastra og bili milli mastra. Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð*¹ sem er að finna á heimasíðu Landsnets.

Áhrifasvæði jarðstrengja miðast við helgunarsvæði, sem skiptist í öryggissvæði og athafnasvæði. Allar framkvæmdir innan öryggissvæðis eru bannaðar en innan athafnasvæðis eru þær háðar samþykki Landsnets. Á heimasíðu Landsnets er að finna *öryggisreglur vegna vinnu í námunda við háspennnta jarðstrengi*².

Á meðan *Ísallínur 1&2* eru enn í rekstri eru helgunarsvæði meðfram þeim virk. Gert ráð fyrir að línurnar verði teknar niður á árinu 2026. Það er mikilvægt að niðurrif línanna eigi sér stað við þær aðstæður að hægt



HAFNARFJÖRÐUR

sé að komast að þeim á vinnutækjum, án þess að valda óþarfa raski. Mikilvægt er því að samráð verði haft við Landsnet um nýtingu svæðisins, einkum ef niðurrif línanna tefst.

Til þess að Landsnet geti ráðist í niðurrif *Ísallína 1&2* þarf að vera tryggt að með góðu móti sé hægt að komast að línunni með vinnutæki. Því þurfa framkvæmdir við fyrirhugaða borteiga að taka mið af framkvæmdatíma niðurrifs þeirra. Landsnet telur því nauðsynlegt að í deiliskipulagi verði gerð grein fyrir *Ísallinum 1&2*, niðurrifi þeirra og mögulegri óvissu um verklok. Æskilegt er að tímabundin helgunarsvæði línanna verði sýnd á deiliskipulagsuppráttum og að fram komi að línurnar séu víkjandi, með tilvísun í greinargerð.


Landsnet leggur áherslu á að þegar kemur til hönnunar og/eða framkvæmda á svæðinu verði áfram haft samráð við fyrirtækið varðandi framkvæmdir nærri helgunarsvæðum ofangreindar lína, þannig að tryggja megi örugga afhendingu rafmagns, sem og persónuöryggi. Nauðsynlegt er einnig að tryggja greiðan aðgang að mannvirkjum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Virðingarfyllt

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

6. Umhverfisstofnun



Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 29. febrúar 2024
UST202402-008/R.K.
10.04.01

Efni: Lýsing - Breyting - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýjar deiliskipulags-áætlanir fyrir borteiga Coda Terminal

Við er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulags- og matlýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og deiliskipulagi fyrir borteiga Coda Terminal.

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar og deiliskipulags er að ganga þannig frá heimildum í skipulagi að fullbyggja megi móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð í Hafnarfirði. Efni lýsingarinnar er að festa þær lóðir þar sem 8 borteigar til niðurdælingar á CO₂ verða heimilaðir. Skipulagsbreytingin er því fjórþætt, breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, tvær deiliskipulagsbreytingar á núverandi deiliskipulagi Hellnahrauns 2 og 3 áfanga og nýtt deiliskipulag fyrir 4 borteiga.

Starfsleyfi og framkvæmdaleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á líkt og kemur fram í lýsingunni að fyrirhuguð starfsemi Carbfix er starfsleyfis skyld hjá Umhverfisstofnun. Jafnframt vill stofnunin benda á mikilvægi þess að hugað sé vel að mengunarvörnum vegna borana á niðurdælingarholum innan skipulagssvæðisins. Borun og niðurdæling er heimil skv. fyrirbyggjandi lýsingu innan afmarkaðra borteiga. Skýrt þarf að vera hvort að starfsemin sé einnig heimiluð á öðrum skilgreindum iðnaðarsvæðum innan skipulagssvæðisins.

Umhverfisstofnun vill áréttta mikilvægi þess að við framkvæmdir sem heimilaðar eru í skipulaginu þ.m.t boranir á niðurdælingar- og vatnstökuholum að koma á veg fyrir mengun grunnvatns við boranir og jafnframt skal starfsemin sem heimiluð er ekki valda því að vatnshlotin á svæðinu nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem fyrir þau hafa verið skilgreind.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.



Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé nánar um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur og mun skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. <https://serstokvernd.ni.is/>

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka og valin sé þegar röskuð svæði fyrir niðurdælingu og aðrar framkvæmdir eins og vegaframkvæmdir

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að það sé búið að raska Kapelluhrauni að hluta réttlætir það ekki frekari röskun á hrauninu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að þó svo að sveitarfélagið sé búið að afmarka þéttbýlismörk þá réttlætir það ekki röskun á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum



mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af úttefni leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Vatnamál

Þar sem ekki er fjallað um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í matslýsingunni vill Umhverfisstofnun koma eftirfarandi á framfæri.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt 28. gr. laganna eiga opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Markmið 4.2. svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins segir einnig að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eiga að vera höfð til grundvallar í skipulagsáætlun sveitarfélaga, en deiliskipulag eiga að taka tillit til þessa markmiðs við mat á umhverfisáhrifum.

Í mati á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins þarf að koma fram hvaða vatnshlot eru innan svæðisins og hver umhverfismarkmið þeirra vatnshlota sé samkvæmt vatnaáætlun og vefsja stjórnar vatnamála. Einnig skal matið innihalda greiningu, lýsingu og mat á áhrifum sem deiliskipulagið gæti haft í för með sér á umhverfismarkmið vatnshlotanna. Tillit skal taka til beinna og óbeinna áhrifa framkvæmdar og notkunar svæðisins, bæði til skemmri og lengri tíma, ásamt samlegðaráhrifum allrar landnotkunar innan vatnshlotsins. Fyrirhugað iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni er innan grunnvatnshlotsins Straumsvíkurstraums, vatnshlotanúmer 104-265-G. Frekari upplýsingar um vatnshlotið og markmið þess eru aðgengilegar í Vatnavefsja. Engin yfirborðsvatnshlot eru á svæðinu. Umhverfismarkmið grunnvatnshlota er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ástand vatnshlotanna má ekki rýrna, hvorki varanlega né tímabundið.

Umhverfisstofnun telur erfitt að meta heildaráhrif deiliskipulagsins á grunnvatn þegar upplýsingar vanta um möguleg áhrif þess og fyrirhugaðrar starfsemi á gæðabætti sem notaðir eru til að meta magnstöðu og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlota samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Ef fram kemur að umhverfismarkmið í vatnaáætlun náist ekki fyrir vatnshlot innan áhrifasvæðis framkvæmdar skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand þeirra. Viðkomandi aðili skal þá endurskoða skipulagsáætlunina í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð. Mikilvægt er þess vegna að öll forvinna og



HAFNARFJÖRÐUR



grunnrannsóknir séu vel af hendi gerðar áður en farið er af stað í framkvæmdir og áhrif deiliskipulagsins á vatnshlot metin. Af ofangreindum aðstæðum leggur Umhverfisstofnun til að umhverfismat deiliskipulagsins verði endurskoðað í því skyni að niðurstöðurnar verði settar í samhengi markmiða laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllt,

Ríkey Kjartansdóttir
Sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs

Þakkað er fyrir góðar og gagnlegar ábendingar sem eru gott veganesti inn í áframhaldandi vinnu við breytingu á aðalskipulagi og öðrum deiliskipulagsáætlunum, sem og við gerð nýrra deiliskipulaga.

Í kjölfarið munum við skoða hvort að sú dreifing borteiga, sem kynnt er í lýsingunni, þurfi að spanna yfir óröskuð svæði og eins hverfisvernduð svæði.

Það þarf að skoða vel öll vatnshlot á svæðinu og hvernig fyrirkomulagi lagna verði háttað, ásamt gönguleiðum og aðkomuvegum.

Hvað varðar ábendingar frá Landsneti að þá þarf að skoða sérstaklega hvaða línur það séu, sem eru í samræmi við gildandi aðalskipulag og hverjar ekki. Í þeirri áætlun sem lögð er fram, eru ekki allar í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Það skal gætt að haft verði samráð við Landsnet ef borholuteigar lenda inná lagnaleiðum eða á núverandi mannvirkjabeltum.

Það verður gerð sú krafa að hugað verði að mengunarvörnum vegna borana á niðurdælingaholum og að umverfismarkmiðum vatnshlota verði fullnægt. Einnig að lögum um stjórn vatnamála verði gerð skil í skipulagsáætlununum og höfð til grundavallar í mati á umhverfisáhrifum. Það þarf að meta heildaráhrif á grunnvatn og setta verða kröfur um umverfismarkmiðum í vatnaáætlun verði fullnægt.

Hafnarfjarðarbær mun gera þá kröfu að staðsetning borteiga verði endurskoðuð með náttúruverndarsjónarmið í huga.

Berglind Guðmundsdóttir



HAFNARFJÖRÐUR

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026



HAFNARFJÖRÐUR

Allt það efni sem hægt er að nota í lokafrágang skal lagt til hliðar og meðhöndlað þannig að hægt sé að nota það aftur.

Vakin er athygli á að heimilt er að kæra ákvörðun þessa til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt FÍLA

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurehlla 2